



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

**Áhugahvöt í tónlistarnámi:
Hverjir eru áhrifaþættirnir?**

Kristófer Hlífur Gíslason

Elín Anna Ísaksdóttir
Listaháskóli Íslands
Tónlistardeild
Nóvember 2020

Útdráttur

Í þessari ritgerð skoða ég hvaða atriði hafa áhrif á áhuga ungra barna í tónlistarnámi og hvað stýrir því að sumum nemendum gengur vel en ekki öðrum. Skiptir máli að finna rétta hljóðfærið eða hafa rétta kennarann? Eru greind, líkamlegir yfirburðir eða áhugi lykilatriði í velgengni barna í tónlistarnámi?

Til þess að fá svör við þessu tók ég viðtöl við fimm hljóðfærakennara sem hafa mikla reynslu af kennslu á sínu hljóðfæri. Spurt var meðal annars út í það hvernig hljóðfæraval fer fram í þeirra skólum, áhugahvöt nemenda, líkamlega yfirburði á hljóðfæri og fyrirmyndir.

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| 1. INNGANGUR | 1 |
| 2. AÐFERÐ | 2 |
| 3. NIÐURSTÖÐUR | 3 |
| 3.1 FORSKÓLINN | 3 |
| 3.2 LÍKAMLEGIR YFIRBURÐIR OG ÁHUGI | 5 |
| 3.3 TÆKNILEGIR ERFIÐLEIKAR OG KENNSLUAÐFERÐIR TIL LAUSNA..... | 6 |
| 3.4 NÁMSKRÁIN | 7 |
| 3.5 FYRIRMYNDIR | 10 |
| 3.6 KVENFYRIRMYNDIR | 11 |
| 3.7 SJÁLFTAUST..... | 12 |
| 4. UMRÆÐUKAFLI | 14 |
| 4.1 HLJÓÐFÆRAVAL | 14 |
| 4.2 LÍKAMLEGIR YFIRBURÐIR..... | 15 |
| 4.3 NÁMSKRÁIN | 15 |
| 4.4 FYRIRMYNDIR OG OFFRAMBOÐ Á AFÞREYINGU..... | 16 |
| 4.5 KVENFYRIRMYNDIR | 17 |
| 4.6 SJÁLFTAUST..... | 17 |
| 5. LOKAORÐ | 19 |
| HEIMILDASKRÁ | 21 |
| VIÐAUKI | 22 |

1. Inngangur

Á Íslandi er útbreitt tónlistarskólakerfi vítt og breytt um landið. Tónlistarskólarnir starfa flestir samkvæmt námskrá sem gefin var út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu árið 2000.¹ Meginskipting námsins er í þrjá námsáfanga: grunnnám, miðnám og framhaldsnám. Hverjum áfanga lýkur með svokölluðum áfangaprófum sem framkvæmd eru af prófanefnd tónlistarskóla.

Í skýrslu prófessors Anne Bamford sem kom út árið 2011 kemur fram að börn í tónlistarskólum læra yfirleitt á píanó, fiðlu eða önnur strengja- og blásturshljóðfæri. Gítar og slagverk njóta líka vinsælda og einnig er hægt að læra söng. Í rannsókninni kemur fram að áhugi nemenda og hvaða kennarar eru tiltækir ræður mestu um hvaða greinar eru í boði.²

Sem hljóðfæraleikari og tónlistarmaður hef ég eytt löngum stundum í að hugsa um ferlið, tímann og vinnuna sem fer í að verða vel kunnugur sínu hljóðfæri og hvaða hættur eru á þeim vegi sem gætu orðið til þess að fólk gefist upp og hætti að spila. Einnig velti ég því fyrir mér hvaða breytur það eru sem gera það að verkum að ungum byrjendum gengur vel eða illa í sínu hljóðfæranámi. Á hljóðfærið endilega við þau? Gengi þeim kannski betur ef þau hefðu lært á píanó en ekki fiðlu? Eru þau kannski ekki með þá líkamlegu burði eða getu sem þarf til að ná tökum á hljóðfærinu? Er tónlistin kannski ekki nógu spennandi?

Í þessari ritgerð mun ég leitast við að svara þessum spurningum, eða í það minnsta gefa skýrari mynd á því hvernig þessi atriði hafa áhrif á íslenska tónlistarskólakerfið.

¹ Mennta- og menningarmálaráðuneytið, *Aðalnámskrá tónlistarskóla, almennur hluti*. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2000).

² Anne Bamford, *List og menningarfræðsla á Íslandi*. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011), bls. 46.

2. Aðferð

Ekki er um formlega rannsókn að ræða en nálgun eigindlegrar aðferðafræði er höfð að leiðarljósi þar sem kjarni ritgerðarinnar byggir á viðtölum við hljóðfærakennara. Kostur þessarar nálgunar er að hægt er ná nákvæmum og ítarlegum upplýsingum um þá merkingu sem fólk leggur í aðstæður sínar og reynslu. Viðtöl af þessum toga eru oft kölluð hálfskipulögð eða hálfopin (e. semistructured).³

Til þess að komast að svörum við spurningum mínum talaði ég við kennara sem hafa mikla reynslu af kennslu í íslenska tónlistarskólakerfinu. Viðmælendum eru hér gefin ný nöfn sem eru: Hannes, Jón, Tómas, Anna og Guðrún. Farin var sú leið að semja spurningalista sem snertir á atriðum frá áhugahvöt nemenda til áhrifa sem íslensku tónlistarnámsskrárnar, rytmíska og klassíska, geta haft á nemendum.

Viðmælendurnir eru fimm talsins og eru þeir bæði úr klassíska og rytmíska tónlistarskólakerfinu. Reynt var að hafa sem mestan fjölbreytileika í úrvali hljóðfæraleikara, til að fá eins marktækar niðurstöður og mögulegt væri. Því var talað við gítarkennara, trommukennara, píanókennara, saxófón- og klarinettukennara, og svo að lokum við kennara sem kennir á fiðlu, trompet og básúnu.

Hugmyndin var að hafa spurningarnar opnar þannig að viðmælendurnir gætu talað frjálst um efnið. Þeir gátu auðvitað svarað mismiklu um mismunandi hluti en oft komu líka upp áhugaverðar dæmisögur sem tengdust efninu óbeint. Ánægjulegt var að sjá að spurningarnar og umræðan vakti mikinn áhuga og góðar viðtökur viðmælenda. Spurt var meðal annars um hvernig hljóðfæraval fer fram, hvernig brugðist er við áhugaleysi, reynslu af námskrám, hvernig mismunandi hljóðfæri henta nemendum, áhrif sjálfsmýndar nemenda, áhrif fyrirmýnda og fleira mætti telja (sjá viðauka).

³ Svend Brinkmann, Steinar Kvale, *Interviews. Learning the Craft of Qualitative Research Interviewing*, 3. útg. (London: Sage, 2015), bls. 6.

3. Niðurstöður

3.1 Forskólinn

Viðtölin hófust á einfaldri umræðu sem byggði á spurningum um forskólanámið í tónlistarskólum, hvernig hljóðfæraval fer fram. Ekki hafa allir kennararnir reynslu af því að kenna í forskólum og fóru því misítarlega í sín svör. Margir lýstu því að á hverri önn fara fram hljóðfærakynningar, sem eru nokkurskonar opið hús fyrir krakka í fornámi og foreldra þeirra. Þar fara fram kynningar á hljóðfærum sem krakkarnir geta svo sótt um á. Tómas, saxófón- og klarínnettukennari, hefur tekið þátt í slíkum kynningum og þá hefur hann jafnvel tekið með sér hljóðfæri ætluð til að leyfa nemendum að prófa. Tómas segir að með þessum kynningum sé aðeins verið að reyna að „veiða“ krakkana til að halda áfram eftir forskólann.

Guðrún, klassískur píanókennari, segir að í hennar skóla séu yfirleitt bara hljóðfærakynningar á þeim hljóðfærum sem vanti fleiri nemendur á, en aldrei fyrir vinsæl hljóðfæri eins og píanó, þar sem eru kannski tveggja ára biðlistar.

Anna, fiðlu-, básúnu- og forskólakennari lýsti fyrir mér nýlegum breytingum sem hafa verið gerðar á forskólanáminu í hennar skóla. Í stað þess að kenna á blokkflautu í tvo vetur í forskóla 1 og 2, eins og tíðkast víða, er nú kennt á blokkflautu í einn vetur í forskóla 1, og svo á málmblasturshljóðfæri í svokölluðum blásaraforskóla næsta vetur, en eftir það fá þau svo að velja sér hljóðfæri. Í blásaraforskólanum fá nemendur plast trompeta eða plast básúnur og mæta með þessi hljóðfæri í skólann þar sem þau fá 20 mínútur í einkakennslu og hálf tíma í hópkenndu í hverri viku.

Þessi aðferð hefur einnig verið tekin upp í öðrum tónlistarskólum í þeim tilgangi að fá fleiri nemendur inn í blásaradeildir og lúðrasveitir og til þess að reyna að stytta biðlista á vinsæl hljóðfæri. Vissulega er spennandi fyrir börn að fá að læra á málmblasturshljóðfæri en Anna segir að það geti flækt hlutina óþarflega mikið að þurfa fyrst að læra á blokkflautu, svo á málmblasturshljóðfæri og svo á þriðja hljóðfærið sem þau velja sér sjálf, en það geta kannski liðið tvö ár þangað til að það

losnar pláss á biðlista á því hljóðfæri sem þau óska eftir. Flestir kennararnir eru sammála um að það sé mikilvægt fyrir nemendur að prófa ýmiss konar hljóðfæri áður en þeir velja sér endanlega hljóðfæri, en þeir tala líka flestir um að það verði að vera fókus í náminu. Það gangi ekki upp að nemandi sé hoppandi milli hljóðfæra einu sinni á önn.

Tómas nefnir að í hans skóla sé píanóið einnig mjög vinsælt hljóðfæri. Nemendum á biðlistum sé oft boðið að læra á hljóðfæri sem vanti fleiri nemendur á. Í viðtölunum komu upp fjölmörg dæmi um akkúrat þetta, að nemendur sem upphaflega sýndu áhuga á einu hljóðfæri, er beint að öðru hljóðfæri. Ástæðurnar fyrir því geta verið til dæmis að kennara vanti fleiri nemendur til að halda starfshlutfalli, eða að það vanti á ákveðið hljóðfæri í lúðrasveitina. Ef það vantar til dæmis túbuleikara í lúðrasveitina, þá reynir sá sem er að stjórna kannski að skima út einhvern burðugan nemanda sem er til dæmis að læra á trompet, og þá er allskonar aðferðum beitt til að sannfæra þann aðila um að fara að læra á túbu. Svo er kannski sagt: „Heyrðu, þú ert nú svo efnileg/efnilegur, væri ekki fínt að fara að læra á túbu?“

Trommukennarinn Hannes nefnir svipuð dæmi af sonum sínum þar sem annar vildi læra á saxófón en var settur á básúnu, en hinn, sem er eldri vildi læra á trompet en var settur á saxófón. Þarna spilar ef til vill inn hvaða hljóðfæri eru eftirsótt hverju sinni.

Fæstir viðmælenda könnuðust við að hafa kennt nemendum sem hafi gefið til kynna að þeir myndu frekar vilja læra á annað hljóðfæri, en nefna þó að mjög ungir nemendur geti verið óútreiknanlegir og áhugi þeirra miðast kannski af dagsformi hverju sinni. Oftast reyna kennarar þá að vekja áhuga nemenda með því að kenna meira inn á þeirra áhugasviði, til dæmis með því að „fókusa“ á lagasmíðar í einkatímum og sleppa því þá að þræla þeim í gegnum hefðbundnar kennslubækur. Ef það gengur illa er hugsanlega hringt heim í foreldra og þeir spurðir hvort barnið sé að sýna öðru hljóðfæri meiri áhuga heldur en því sem það er að læra á.

Viðmælendur voru spurðir hversu vel þeir töldu að þeirra hljóðfæri henti byrjendum. Flestir sögðu að svo lengi sem að hljóðfærið passi nemandanum í stærð að þá ætti það að henta vel. Hægt er að kaupa minni gítara, fiðlur og léttari plast blásturshljóðfæri sem að henta vel fyrir börn. Gítarkennarinn Jón mælir ekki með því að börn byrji á gítar fyrir en að þau eru orðin 9 ára, en auðvitað fer það eftir hverjum og einum nemanda, hvort hann sé orðinn nógu líkamlega þroskaður til að ná tókum á hljóðfærinu.

3.2 Líkamlegir yfirburðir og áhugi

Við fæðumst öll mismunandi, mismunandi að stærð, með misgott tóneyra, mislanga fingur og svo mætti áfram telja. Þessi atriði gera okkur misvel í stakk búin til að takast á við mismunandi verkefni. Viðmælendur voru spurðir hvort þeir myndu vega líkamlega yfirburði fram yfir áhuga þegar kemur að því að velja nemendur. Allir sögðust horfa alfarið í áhuga nemenda fram yfir líkamlega yfirburði eða greind. Jón gítarkennari segist myndi helst leita í áhugasama nemendur og þá sem að hann veit að verður ánægjulegt að vinna með. Hannes talar einmitt um þetta og segir: „Nám er samstarf. Ef ég er að leita mér að fólki til að vinna með, þá leita ég í fólk sem mér sýnist vera áhugavert að vinna með.“ Anna básúnukennari segist myndi horfa alfarið á áhuga nemenda, nema kannski í afbrigðilegum dæmum þar sem vanti til dæmis framtennur í nemanda, þá myndi hún kannski hugsa sig tvisvar um.

Þessi umræða virtist vekja áhuga viðmælenda en í framhaldinu komu upp skemmtileg dæmi tengd áhuga og líkamlegum yfirburðum. Hannes nefnir að Keith Jarrett, frægur bandarískur jazz píanóleikari, sé með litlar hendur, sem stangast auðvitað á við þær staðalímyndir um að píanóleikarar eiga að vera með stórar hendur eða langa fingur til að geta orðið mjög færir. Hannes bætir við að ef einhver píanókennari hefði séð hann þegar hann var yngri, þá hefði sá kennari sennilega ekki sagt „já, þessi ætti að spila á píanó“. Hannes nefnir í þessu samhengi dæmi af sjálfum sér: „Ég veit ekki hversu oft er búið að segja við mig „já ert þú ekki að spila körfubolta?“ Því að ég er 1,94 cm. Ég hef engan, og hef aldrei haft áhuga á körfubolta.“

Guðrún nefnir í þessu sambandi sögu af nemanda sem náði ekki yfir áttund á píanóinu með einni hendi. Sá nemandi æfði sig og æfði og er í dag talinn vera einn besti áttundaspilari í heiminum af fyrrum kennara sínum. Tómas sagði frá einum saxófón nemanda sínum, 6 ára gömlum stráki sem var heldur lítill fyrir hljóðfærið. Það var „svakalegt bras“, enda var hann lítill og með litlar hendur, en hann var alveg heltekinn af áhuga á hljóðfærinu, sem að vóg þyngra heldur en erfiðleikarnir sem fylgdu því að vera lítill. Eins og Tómas nefnir að þá yfirvinnur áhuginn alltaf svona erfiðleika, sérstaklega ef þú ert útsjónarsamur kennari og finnur réttu lögin til að byrja með þannig að þetta verði ekki erfitt strax frá byrjun.

3.3 Tæknilegir erfiðleikar og kennsluaðferðir til lausna

Allir þeir viðmælendur sem rætt var við virtust vera sammála um það að hljóðfærið þeirra henti byrjendum vel, svo lengi sem byrjandinn er orðinn nógu stór fyrir hljóðfærið, eða hefur útgáfu af hljóðfærinu sem hann ræður við. Tæknileg vandamál geta þó komið upp og eru þau mismunandi eftir hljóðfæri. Anna talar til dæmis um að það geti tekið langa tíma að þjálfra bogatakið hjá fiðlunemendum. Það þurfi að passa að boginn fari í rétta átt og það eru til ýmsar jafnvægisæfingar og annað sem börn eru látin gera, en vandamálið með þessi tæknilegu atriði er að börnin skilja ekki alltaf af hverju þau eiga að gera svona en ekki hinsegin. Viðmælendur voru þá spurðir hvort að byrjunarörðugleikar, kennsla á tæknilegum-, eða grundvallaratriðum gætu dregið úr áhuga yngri nemenda.

Hannes bendir á að það sé mjög mikilvægt að nemendur skilji af hverju þeir eru að gera hlutina svona, en ekki hinsegin. Hann segir það vera algengt að í gömlum kennslubókum séu hlutirnir ekki útskýrðir nógu vel. Þar er kannski ljósmynd sem sýnir hvernig þú átt að halda á kjuðanum en það er ekkert sagt hvers vegna þú eigir að halda þannig. Hannes segir:

„Ef þú ert með ungan nemanda sem heldur of fast á kjuðanum þá hefur þú ýmsar leiðir til að nálgast það vandamál. Ég myndi segja að lélegasta leiðin væri að segja honum „ekki halda svona fast á kjuðanum“. Það væri frekar að segja: „prófaðu þetta, hvernig finnst þér

það?“ eða: „ímyndaðu þér að kjuðarnir séu mjög léttir“. Ef ég segi haltu svona á kjuðanum, og þú fattar ekki til hvers, þá dettur það dautt niður.“

Tómas beitir svipuðum aðferðum í sinni kennslu til að útskýra flókna hluti fyrir ungum nemendum með einföldum hætti, á máli sem þau skilja. Hann nefnir dæmi um unga stúlku sem hann var að kenna sem átti von á systkini. Hann náði að tengja það á áhrifaríkan máta inn í kennsluna. Til dæmis ef honum fannst hún ekki spila nógu mjúklega þá sagði hann: „já núna ertu kannski eins og litli bróðir að öskra þegar hann er svangur“. Þá er komin tenging úr hennar lífi sem styrkir skilninginn á því sem hún er að læra. Ef hann hefði bara sagt „spilaðu mýkra!“ þá er ekki víst að hún hefði náð tengingunni jafn auðveldlega.

Jón nefnir mikilvægi þess að reyna að laga ekki fleiri en 1-2 atriði í einu. Það getur verið mismunandi hvernig fólk tekur þessum ábendingum. Þess vegna er svo mikilvægt að vera með gott samband við nemandann. Hannes talar um það sama, að reyna að taka þessi atriði fyrir í smærri skömmtum. Hann segir: „Þú sem kennari átt að hafa langtímasýnina. Ekki bara dæla þessu út á einni kennslustund.“

3.4 Námskráin

Viðmælendur voru allir sammála um að gífurlega mikilvægt sé fyrir unga byrjendur í grunnnámi að hafa traustan og góðan kennara sem getur vakið áhuga nemenda og hjálpað þeim að byggja góðan grunn fyrir framhaldið. Góður kennari veit að nemendur eru mismunandi og að ólíkar aðferðir henta mismunandi nemendum. Í framhaldi af þessu voru viðmælendur spurðir út í viðhorf þeirra til námskráarinnar, hvaða áhrif þeir telja hana hafa á nemendur og hvort hún veiti svigrúm til að kenna nemendum aðra hluti innan þeirra áhugasviðs sem falla ekki inn í ramma námskráarinnar.

Guðrún segir námskráanna oft geta verið „grútleiðinlega“ en auðvitað séu þar atriði sem verði að fylgja eftir. Hún segir að í klassíska píanónáminu hafi skapast nokkurskonar „kúltúr“ fyrir því að ákveðin verk séu valin í sömu áfangaprófin aftur og aftur. Þó það sé ekki skrifað svoleiðis í námskránni hefur þessi hefð skapast því það

hafa komið upp dæmi um að prófdómarar taki ekki prófið gilt því þar sé lag sem dómariinn telur ekki hæfa námstiginu eða náminu. Svona hlutir koma yfirleitt ekki í ljós fyrir en í prófinu sjálfu. Þetta er mjög slæmt fyrir þá kennara og nemendur sem lenda í þessu og eitthvað sem þeir gleyma aldrei. Þetta býr til hræðslu meðal kennara sem hefur þá skapað hefð fyrir því að sömu „viðurkenndu“ verkin séu valin aftur og aftur.

Guðrún segir að klassíska píanónið hafi alltaf verið mjög strangt. Hér áður fyrr hafi nemendum í klassísku píanónámi aldrei verið kennt að lesa af hljómaþlaði enda hafi verið litið niður á rytmíska hljómborðsleikinn af klassískum píanókennurum. Hún segir að hún kenni þó oft eftir hljómunum en lengi vel hafi hún verið eini kennariinn sem hafi gert það í Garðabæ. Hún segir að þetta sé aðeins að breytast og að núna séu kennarar meira farnir að sjá gagnsemi þess að læra hljóma.

Tómas segist þekkja það að sumir kennarar séu óöruggir um að senda nemendur í próf nema að þeir séu fullvissir um að verkefnalistinn verði samþykktur. Þá eru margir kennarar sem velja lög og æfingar af dæmalistum í námskránni en þar eru nefndar bækur og númer þeirra æfinga sem henta hverju stigi. Þær bækur sem eru nefndar í námskránni hljóta að vera vinsælar hjá bóksöllum. Í samtali mínu við Tómas nefndi ég sem dæmi æfingabók eftir ákveðinn íslenskan gítarleikara sem ég man eftir að hafa keypt því að æfingar úr henni eru nefndar í rafgítar námskránni sem dæmi um æfingar fyrir grunnpróf, miðpróf og framhaldspróf. Þá bendir Tómas á að þessi tiltekni gítarleikari hafi skrifað gítarhluta námskráarinnar sjálfur. Tómas segist ekki fara strangt eftir námskránni og telur sig vel hæfan til þess að bera saman erfiðleikamuninn milli æfinga sem hann velur sjálfur og æfinga sem eru teknar sem dæmi í námskránni.

Tómas nefnir líka að námskráin geri ráð fyrir að nemendur klári grunnnám á mjög stuttum tíma eða á um 2-3 árum. Hann segir að sínir bestu nemendur hafi verið 4 ár með grunnnámið og nefnir aftur að það sé mjög mikilvægt að tækla grunnatriðiðin vel til að byggja á góðum grunni. Hann nefnir dæmi af einum 7 ára nemanda sínum en sá var of lítill fyrir saxófóninn. Fyrsta mánuðinn spiluðu þeir bara á „hálsinn“ á

saxófóninum og skildu „búkin“ eftir í töskunni og svo vandi hann drenginn á það hægt og rólega að halda á hljóðfærinu samsettu. Ef hann hefði byrjað strax í fyrsta tíma á einhverri leiðinlegri kennslubók hefði þessi nemandi sennilega gefist upp eftir nokkrar blaðsíður. Tómas segir: „Þetta er svo einstaklingsbundið. Það er enginn að fara að hlaupa maraþon á tunglinu ef hann kann ekki að labba“.

Hannes segir að það séu mjög margir tónlistarkennarar sem „fatti“ ekki eða sjá það ekki skýrt að námskráin er viðmið. Það er hægt að skipta út verkefnum á mörgum stöðum í námskránni, þar sem getulegu viðmiði er haldið uppi en stílnum breytt eða lögum skipt út. Þá er það mat kennarans að dæma um hverju sé hægt að skipta út. Ef nemandi er til dæmis áhugasamur um þungarokk á hann hann að geta komið því að í náminu. Hannes segist sjálfur senda prófanefnd póst ef hann er í vafa um hvort að hann megi skipta einhverju út fyrir annað. Vandamálið felst þá helst í því að kennarar séu ekki alltaf að nýta sér þá möguleika sem eru fyrir hendi.

Anna bendir á að það sem dregur helst úr áhuga ungra byrjenda sé tónfræðin. Hún segir: „Af hverju þarf einhver 5 ára gutti að skilja að hann sé að spila í C dúr og í 4/4. Af hverju þarf fræðihlutinn að vera svona framarlega í náminu þegar námstækni ungra barna er í gegnum leik?“. Hún bendir á að þetta geti dregið úr áhuga barna sem eru búnir að vera í skólanum allan daginn og þurfa svo að fara í tónfræði þar sem þau þurfa að vera jafn skörp og klukkan 8 þann morguninn.

Í flestum dæmum um áhugaleysi ungra nemenda er tónfræðin ástæðan en ekki hljóðfæratímarnir. Hún bendir á að það sé hægt að kenna fullt af tónfræði í gegnum munnlega kennslu eða beint á hljóðfærið en Anna hefur fengið sérstakt leyfi fyrir því að kenna fyrsta árs tónfræðina í gegnum hljómsveitaræfingar í stað bóklegra kennslustunda. Þar koma inn atriði sem auðveldara að kenna á hljómsveitaræfingum heldur en bóklega upp á töflu. Til dæmis er hægt að kenna fermötu með því að útskýra fyrir krökkum hvað hugtakið þýðir og skrifa það upp á töflu, en krakkarnir myndu miklu frekar skilja það ef að þeir fengju að spila lag sem inniheldur fermötu. Gallinn við þessa aðferð er samt sá að þegar krakkarnir eru búnir að læra tónfræði í gegnum hljómsveitaræfingar í ár getur verið erfitt að skipta yfir í „þurrmetið“ sem er

bókleg kennsla. Tónfræði 2 þyrfti þá að vera einhver blanda af bóklegu og hljómsveitarkennslu. Því eldri sem nemendurnir verða því auðveldara verður fyrir þá að sitja í tímum og eðlilegra að færa þá tónfræðina meira út í bóklega fræði.

3.5 Fyrirmyndir

Viðmælendur voru spurðir hvort þeir sjái það hjá nemendum sínum að þeir eigi sér skýrar fyrirmyndir í tónlist og hvort að það sé munur á strákum og stelpum. Hannes segir að á yngri stigum sé það alls ekki áberandi en svo fari fyrirmyndir að fæðast svona eftir 20 ára aldurinn. Hann segir að stelpur í trommunámi á menntaskólaaldri finnst bara gaman að tromma á meðan strákur á sama aldri kemur kannski inn í þetta því hann „fílar“ Metallica. Tómas talar um að það virðist vera nokkuð almennt áhugaleysi hjá krökkum í dag. Hann nefndi að fyrirmyndir yngri nemenda séu helst einhverjar tik-tok stjórnur eða youtube stjórnur. Tómas segir að ef hann myndi hitta einhvern sem væri jafn „obsessed“ og hann var sjálfur þegar hann var yngri myndi hann sennilega skrifa grein í blöðin um það. Hann bætir við að kannski sé dvínandi virðing fyrir þessum hljóðfærum. Kannski er ástæðan breyttar áherslur í popptónlist eða offramboð á afþreyingu fyrir börn.

Hannes segir að synir hans séu mikið í tölvuleikjum og hlusti á tónlist í gegnum þann miðil, en þeir setja aldrei tónlist á fóninn bara til þess að hlusta. Þetta hafi breyst „rosa“ mikið. Almennur áhugi barna á tónlist er minni. Það hlýtur að spila inn í forsendur krakka í dag fyrir sínu tónlistarnámi. Hannes segir: „Ég byrjaði í tónlist því ég var að hlusta á tónlist ekki því að mér var sagt að fara að læra á eitthvað hljóðfæri.“ Hannes nefnir líka breytta tíma með tilkomu forrita eins og Spotify, en þar er oft freistandi að hlusta á eitt og eitt lag frekar en að hlusta á heilar plötur. Krakkar í dag vita jafnvel ekki hvað plata er.

Guðrún talar um að fyrirmyndir nemenda hennar séu oft einhverjir vinir þeirra sem eru að læra á hljóðfæri. Það eru ekki einhverjir píanóleikarar út í bæ sem þeir eru að horfa til. Guðrún segir að börn í dag séu ekki eins mikið að sökkva sér ofan í tónlist og áður fyrr og henni finnst ástríðan vera minni. Nemendur fatti oft ekki hvað þarf að

æfa sig mikið til að ná góðum árangri. Hún segir að kannski sé það vegna þess að það er að verða léttara að búa til tónlist án þess að búa hana til sjálfur.

3.6 Kvenfyrirmyndir

Tómas sagði stuttlega frá einni af hans fyrirmyndum úr æsku og atburði sem átti eftir að hafa mikil áhrif á tónlistaráhuga hans:

„Ástæðan fyrir því að ég fór í músík var að ég sá Einar Jóhannesson spila klarínettukonsert Mozart þegar ég var 10 eða 11 ára. Þá var ég Nýbyrjaður að læra sjálfur. Þá sá maður að þetta var „fasinerandi“ veröld. Maður í kjólfötum að fronta þetta risastóra band og fullur salur af fólki.“

Áhugavert væri að vita hvort ungar stelpur upplifi svona sterk augnablik í sínu lífi og hvaða áhrif mögulegur skortur á kvenfyrirmyndum getur haft á stúlkur í tónlist og tónlistarlíf í heild sinni.

Anna telur það ekkert skrítið að það skuli vera fáar konur í tónlist ef það eru engar fyrirmyndir og bætir við „Í raun veit ég ekki af hverju ég hætti ekki.“ Hún nefnir að fljótlega eftir að hún hóf nám í heimstónlistardeild í Rotterdam hafi hún heyrt af og síðar kynnst stelpu sem kláraði aðeins á undan henni í sama skóla. Sú er Hollenskur trompetleikari, búsett í Kólumbíu en hélt workshop í skólanum hennar Önnu ásamt hljómsveit sinni frá Kólumbíu. „Þetta var vítamínsprauta sem entist mér í marga mánuði. Þetta skiptir alveg brjálaðslega miklu máli.“

Hannes segir að það sé engin spurning um að það sé skortur á stelpum og konum á trommur og að það hafi mikil áhrif. Hann líkir þessu við fótbolta: „Maður sá aldrei í fréttunum neitt um kvennafótbolta. Ég fylgist reyndar lítið með fótbolta en ég kemst bara ekki hjá því að ég veit alltaf þegar eitthvað er að gerast í kvennaboltanum. Mér finnst það bara frábært. Það er vegna þess að það var opnað á þetta og það er byrjað að „peppa“ stelpurnar upp og núna erum við að sjá árangurinn af því“ Hann segir að fleiri konur í tónlist myndi skila sér í aukinni fjölbreytni og víðara „litaspektrúmi“.

Tómas segir að það sé ekki endilega skortur á konum á saxófón og klarínnett heldur sé frekar skortur á sýnileika á þeim. „Það eru nokkrar á Íslandi en ennþá í minnihluta. Út á við er fullt af frambærilegum kvenkyns saxófónleikurum. Mér finnst stelpur leita í klassíkina frekar. Hvort það séu fyrirmyndir eða annað sem stýrir því veit ég ekki.“ Tómas segist taka eftir því hjá ungum nemendum að stelpurnar eru oftast næmari en drengirnir og með betri fínhyfingur en meiri gassagangur og orka í drengjum. Kannski eru þeir minna hræddir við að hafa hátt og að prófa og þar af leiðandi óhræddari við að byrja að „impróvisera“.

3.7 Sjálfstraust

Jón gítarkennari talar um að sjálfstraust hafi gífurlega mikið að segja þegar kemur að tónlist:

„Ef þú ert með lítið sjálfstraust þá hefur það gríðarleg áhrif á þig sem listamann og tónlistarflytjanda. Fólk getur verið mjög hart við sig og þannig eyðilagt alla gleðina í því að spila. Maður þarf að vera hæfilega gagnrýninn og finna þennan milliveg.“

Jón segir að það sé mjög auðvelt að brjóta eitthvað í sjálfstraustinu. Hlutverk kennarans er að „peppa“ nemendur sína upp. Mistök sem margir kennarar gera er að velja of erfitt verkefni fyrir nemandann. Nemandinn er kannski með það verkefni í 2-3 vikur og skilur svo við það verkefni með vondu „væbi“ og líðan eins og hann hafi ekki áorkað neinu. Betra væri að finna verkefni sem er nær nemanda í getustigi og þá finnst nemandanum eins og hann hafi lært eitthvað af því.

Tómas telur sjálfstraust vera lykilatriði í að nemendum gangi vel í náminu. Hann segist vera duglegur að hrósa, enda lifum við öll á því, en hann vonar að það byggji upp sjálfstraust sinna nemenda. Hann nefnir dæmi af 12 ára stelpu sem var hans besti nemandi:

„Við vorum búin að undirbúa þvílíka stykkið og allt tilbúið fyrir tónleika. Þessi stelpa hefur aldrei verið hrædd við að koma fram en svo allt í einu beygir hún af. Fer inn á klósett, læsir

sig inni, konsertinn alveg að byrja og mamma hennar að reyna að hugga hana. Þá kemur í ljós að þar er einhver undirliggjandi kvíði sem er að ágerast þegar hún er að koma á gelgjuna. Ég er ekki með grunnpróf sem eitthvað markmið hjá feimnum einstakling sem þorir varla að spila. Hvað er það markmið í samanburði við að viðkomandi sigrist á einhverjum ótta?“

Guðrún segir að sjálfstraust hafi mjög mikil áhrif í námi. Hún segir það vera í eðli hljóðfæranáms að vera alltaf að mæta áskorunum og sækjast eftir meiri færni. Þú verður að vera tilbúinn að leggja á þig til að halda áfram að vaxa og til þess verður þú að hafa trú á sjálfum þér og að þú getir gert þetta og vitir að þó það sé erfitt gefist þú ekki upp. Ef þú missir strax kjarkinn þá náttúrulega gerist ekkert. Þeir sem eru með sjálfstraust hugsa, „já ég verð þá bara að leggja meira á mig“. Guðrún telur mikilvægt að þjálfa þessa hluti hjá börnum og að hjálpa þeim að efla sjálfstrúnna.

Jón vitnar í tyrkneskan vin sinn sem hann álítur einn færasta hljóðfæraleikara veraldar:

„Ég stóð aldrei upp frá hljóðfærinu án þess að mér liði eins og ég hafi áorkað eitthvað. Þegar ég fann þessa tilfinningu þá bara viðhélt ég henni. Hver kannast ekki við að vera að reyna að spila eitthvað og þú nærð því ekki. Þú reynir kannski í klukkutíma og stendur upp og líður eins og þú hafir ekki náð því. Flestir hafa lent í þessu. Hvað gerir maður þá? Maður hægir á, æfir minni bút og spilar það aftur og aftur og aftur. Þá líður þér eins og þú hafir áorkað eitthvað og getur ekki beðið eftir því að byrja að æfa þig aftur. Þá ertu kominn með blóðbragðið.“

4. Umræðukafli

4.1 Hljóðfæraval

Miðað við svör viðmælenda um hljóðfæraval og forskólann virðist skýrt að það sé í einhverjum tilfellum verið að stýra nemendum, með óbeinum hætti inn á ákveðin hljóðfæri til dæmis með því að vera með hljóðfærakynningar á hljóðfæri sem eru minna eftirsótt, en ekki önnur vinsælli hljóðfæri eins og Guðrún nefnir. Tómas nefnir dæmi um að nemendum á biðlistum sé boðið að læra á önnur hljóðfæri. Anna talar um að allir nemendur byrji að læra á málmblásturshljóðfæri í forskóla, sem er væntanlega gert í þeim tilgangi að fá nemendur til að halda áfram á þeim hljóðfærum. Þetta er auðvitað frábær leið til að komast í snertingu við alvöru hljóðfæri og getur vissulega vakið áhuga hjá sumum. Hinsvegar geta verið í þessum hópi nemendur sem hafa verið hvattir til að læra á klarínettu eða trompet, en hefðu miklu frekar áhuga á að læra á gítar eða píanó, þora kannski ekki að skipta og flosna á endanum upp úr tónlistarnámi alfarið. Jón nefnir að það sé auðvelt að vinna með það ef að byrjandinn er búinn að láta sig dreyma um að spila á gítar í langan tíma og getur það drifið áhugann jafnvel í heila önn þegar hann fær hljóðfærið loks í hendurnar. Það skilar sér þá kannski frekar í nemandanum sem að kemur til með að halda áfram í tónlist ef hann hefur brennandi áhuga á hljóðfærinu.

Í rannsókn Janet Mills talar hún við þrjá hljóðfæraleikara sem allir höfðu reynt af því að hafa verið leiðbeint að sínu hljóðfæri. Hún nefnir að aldrei í því ferli voru þeir spurðir að því hvort að það væri eitthvað hljóðfæri sem þeir höfðu sérstaklega áhuga á, eða elskuðu hljóðfæri sínu. Tveir þessara urðu síðar atvinnu tónlistarmenn, einn þeirra á túbú sem honum hafði upphaflega verið úthlutað.⁴ Eins og Tómas talaði um, þá er ýmsum aðferðum beitt til þess að fá túbuleikara í lúðrasveitir. Kennarar byrja á að finna burðugan einstakling sem er til dæmis að læra á trompet og sannfæra þann aðila um að skipta yfir á túbú. Hentar þetta hljóðfæri yfir höfuð þessum einstaklingi

⁴ Mills, Janet, *Instrumental teaching* (Oxford: Oxford University Press, 2007), bls. 85-86.

og á hann eftir að endast á hljóðfærinu ef upphafleg ástæða þess að hann skiptir yfir á túbu er stýrt af hvatningu kennarans?

4.2 Líkamlegir yfirburðir

Allir kennararnir voru sammála um það að svo lengi sem að nemandi hefur áhuga á hljóðfærinu að þá skiptir ekki máli þó nemandi skorti líkamlega yfirburði. Samkvæmt Mills eru þó ýmis dæmi um kennara sem halda öðru fram. Sem dæmi má nefna að sumir selló kennarar hafa neitað að kenna örvhentum nemendum og kennarar á málmblásturhljóðfæri hafa neitað að taka að sér smámælti nemendur. Í rannsókn bandarísku vísindamannana Charles Lamp og Noel Keys á því hvort að fyrirfram ákveðnar hugmyndir um líkamlega hæfni hljóðfæranemenda hafi áhrif á árangur þeirra í náminu, kemur í ljós að þær gera það ekki. Meðal annars kom í ljós að grannir fingur fiðlunemenda höfðu engin áhrif á velgengni þeirra. Það væri alveg eins hægt að spá um velgengni fiðluleikara út frá því hversu breiðar varir hann er með.⁵ Ánægjulegt var að heyra að viðmælendur virtust ekki taka undir hugmyndafræði kennaranna hér að ofan. Það endurspeglar vonandi afstöðu Íslenskra tónlistarkennara í þessu tengslum. Dæmisaga Hannesar um stuttu fingur píanóleikarans Keith Jarrett og saga Guðrúnar af nemandanum sem náði ekki áttund með einni hendi á píanó, en æfði sig upp í það að verða einn besti áttundaspilari heimsins styðja enn frekar þessar niðurstöður Lamp og Keys og sýna á sama tíma að áhugi einstaklingsins virðist geta yfirstigið allt.

4.3 Námskráin

Viðmælendur virtust sammála um að það sé of algengt að kennarar mistúlki námskránni til dæmis með því að láta alla nemendur sína spila sömu verkin. Þetta gæti skilað sér í einsleitum hópi hljóðfæraleikara frá þessum kennurum. Eins og viðmælendur nefna er gefið svigrúm, mismikið eftir hljóðfærum, til að kenna út fyrir námskránni en það mætti vera meira. Til dæmis er mikið til í því sem Tómas segir í sambandi við að í grunnnámi og miðnámi mætti námið vera meiri blanda af klassísku

⁵ Mills, Janet, *Instrumental teaching*, bls. 90-91.

og rytmísku. Það væri til dæmis frábært fyrir klassískan nemanda að geta lært grunntökin í spuna og hljómalestri og líka fyrir rytmískan nemanda að geta lært klassísk verk.

Það er erfitt fyrir barn á unga aldri að segja til um hvort það vilji spila spunatónlist (e. jazz) eða skrifaða klassíska tónlist. Einstaklingur sem ætlar til dæmis að skipta yfir í rytmískt nám og er búinn með miðpróf í klassískum píanóleik þarf að taka grunnpróf og miðpróf aftur vegna þess að hann fékk ekki kennslu í hljómalestri og spuna í einkatímum. Það væri frábært að hafa einhverskonar almenna braut fyrir byrjendur á hljóðfæri sem væri blanda af jazz og klassískum áherslum fyrir þá byrjendur sem þekkja ekki til þessara heima, en til þess þarf kennara, eins og Guðrúnu, sem eru tilbúnir að brúa þetta bil fyrir nemendur. Þetta gæti aukið líkur á því að nemandinn finni tónlist sem hentar honum og myndi jafnvel skila sér í hærra hlutfalli útskrifaðra nemenda úr tónlistarskólum.

4.4 Fyrirmyndir og offramboð á afþreyingu

Eins og kom skýrt fram í svörum viðmælenda virðast börn hlusta minna, eða með öðrum hætti, á tónlist í dag heldur en eldri kynslóðir. Það má velta því upp hvort ástæðan geti verið offramboð á afþreyingarefni fyrir börn. Í dag hafa börn aðgengi að afþreyingu í gegnum tölvuleiki, samfélagsmiðla, Netflix, Youtube, Tiktok og svo mætti lengi telja. Börn hlusta kannski á eitt og eitt tónlistarmyndband á youtube, frekar en að hlusta á heilar plötur eða geisladiska. Einnig mætti draga þá ályktun að breyttar áherslur í popptónlist, þar sem hljóðheimur byggir oftar en ekki á sömplun, synthum og trommuheilum, hafi það í för með sér að börnin sækja kannski meira í að læra á tónvinnsluforrit heldur en hljóðfæri.

Hannes hefur einmitt tekið eftir þessu og segist taka eftir því að krakkar í dag vilja frekar geta sinnt mörgum störfum innan tónlistarbransans. „Ég sé miklu meira núna af tónlistarnemendum sem eru með vítt áhugasvið innan tónlistar og sjá sig ekki endilega sem trommara heldur sem blöndu af trommara, hljóðmanneskju og að geta forritað eitthvað af músík, spilað á gítar og geta sungið.“

4.5 Kvenfyrirmyndir

Eins og Anna nefnir að þá er ekkert skrítið að það séu fáar konur á ákveðin hljóðfæri ef það eru engar kvenfyrirmyndir á þau hljóðfæri. Hún segir að sjálf skilji hún ekki af hverju hún hafi ekki hætt. Ég held að karlar í tónlist spái sjálfkrafa minna í þessu þar sem fyrirmyndir í flestum greinum eru sjálfsagður hlutur fyrir okkur. Í rannsókn Kathleen McKeage, sem byggir á viðtölum við tvo samspilskennara og þrjá kvennemendur í rytmískri deild í tónlistarháskóla í Bandaríkjunum, kemur fram að skortur á kvenfyrirmyndum í jazztónlist sé ein stærsta ástæðan fyrir því að stelpur sækja ekki í rytmískt tónlistarnám. Deildarstjóri jazzdeildar þessa skóla nefnir að í gegnum söguna hafa stelpur í jazztónlist mætt mótlæti ef þær hafa sýnt tónlistinni áhuga, og þá sérstaklega á bebop og swing tímanum. Stelpurnar sem hún tók viðtal við, sem voru allar langt komnar í námi á sínu hljóðfæri, gátu nefnt sárafáar kvenfyrirmyndir í jazztónlist. Ein nefndi Ellu Fitzgerald, önnur nefndi Sheilu E, og sú þriðja gat ekki nefnt eina kvenfyrirmynd í jazztónlist.⁶

Í rannsóknnum félagssálfræðingsins Carol Dweck uppgötvaði hún að kennarar ættu það til að kenna áhugaleysi og slæmri hegðun drengja um slakan árangur þeirra, en kenndu skort á getu um slakan árangur stúlkna. Að auki töldu þeir velgengni stúlkna afrakstur mikillar vinnu.⁷ Vonandi eru þessar hugmyndir ekki ríkjandi meðal kennara í Íslenska tónlistarskólakerfinu, enda sýnist mér það ekki vera svo miðað við þá kennara sem ég ræddi við.

4.6 Sjálfstraust

Viðmælendur töluðu margir um mikilvægi þess að velja viðráðanleg verkefni fyrir nemendur til að efla sjálfstraust þeirra. Ef nemandi er úthlutað verkefni sem hann ræður illa við er hætta á að það geti haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd hans sem getur haft það í för með sér að viðkomandi sækir minna í að spila á hljóðfærið. Einnig

⁶ McKeage, Kathleen, „Where are the Girls? Women in Collegiate Instrumental Jazz.“ *GEMS (Gender, Education, Music & Society)* 1, 1(vor 2002): 14.

⁷ Aubrey, Karl, Riley Alison, *Understanding & Using Educational Theories*, bls. 264.

töluðu viðmælendur um mikilvægi þess að hrósa mikið til að byggja upp sjálfstraust nemenda.

Félagssálfræðingurinn Carol Dweck segir hinsvegar að það geti verið varasamt að hrósa nemendum ef það er ekki gert rétt. Hún segir að ef nemendum er mikið hrósað fyrir gáfur sínar geti það haft þær afleiðingar að þeir hætti að taka áskorunum vegna hræðslu við að mistakast, sem gæti komið upp um „heimsku“ þeirra. Einnig geta klárir nemendur orðið svo háðir hrósinu að þegar að skilyrðingin (hrósið) hættir að eiga sér stað getur sjálfstraust og hvati þeirra hrunið. Í stað þess að hrósa nemendum fyrir gáfur þeirra segir Dweck að skynsamlegra væri að hrósa þeim fyrir þrautseigju, vinnusemi og dugnað. Það kennir nemendum að það borgar sig að leggja sig fram. Dweck er mótfallin þeirri hugmynd að greind sé allt sem þurfi til að ná árangri. Hún nefnir dæmi um greinda einstaklinga sem hafa afrekað mjög lítið í lífinu og ber það saman við einstaklinga sem að þóttu ekki mjög klárir á yngri árum, en hafa síðar náð framúrskarandi árangri í sínu fagi vegna þess að þeir höfðu ástríðu fyrir starfi sínu.⁸

⁸ Aubrey, Karl, Riley Alison, *Understanding & Using Educational Theories*, bls. 267.

5. Lokaorð

Niðurstöður virtust styðja þá ályktun mína að áhugi spili stærstan þátt í velgengi barna og fullorðinna í tónlistarnámi. Það er að mínu mati gríðarlega mikilvægt að barn fái að velja sér hljóðfæri á sínum eigin forsendum sem það hefur áhuga á að spila á, en það virðist líka vera hægt að vekja áhuga hjá börnum sem hafa ekki fengið mikið að segja um það. Það kom líka skýrt fram hvað það getur verið mikilvægt að hafa góðan kennara á grunnstigi sem getur mótað námið eftir þörfum hvers nemanda og vakið áhuga þeirra á tónlist.

Það kom skemmtilega á óvart að sjá hversu lausnamiðaðir viðmælendur voru í svörum sínum þegar kom að spurningum um áhugaleysi. Það er spurning hvort það sé í eðli kennara að vera jákvæðir og lausnamiðaðir, eða hvort það sé hugarfar sem kennarar þróa með sér í starfi sínu. Þeir virtust þó vera sammála um að það mætti endurskoða námskránnu. Viðmælendur nefndu allir mismunandi dæmi um hvernig námskráin getur haft neikvæð áhrif á nemendur en það kom líka skýrt fram að það verði að vera einhver rammi til að vinna eftir. Ef til vill mætti endurskoða hvort nauðsynlegt sé fyrir börn að velja sér braut strax í byrjun. Kannski væri hægt að hafa almenna braut í grunnnámi sem kennir út frá klassískum og rytmískum viðmiðum, svo geta krakkarnir valið sér leið þegar þeir eru tilbúnir til þess. Einnig finnst mér grundvöllur fyrir því að skoða hvort hægt sé að kenna börnum meiri tónfræði eftir verklegum aðferðum og þannig vekja meiri áhuga á efninu.

Tækninýjungar síðustu ára hafa haft það í för með sér að sú kynslóð barna sem nú er að vaxa úr grasi hefur aðgengi að miklu meira afþreyingarefni heldur en eldri kynslóðir. Þetta, ásamt breyttum áherslum í dægurtónlist og breyttri tónlistarneyslu barna, gæti haft það í för með sér að almennur dvínandi áhugi á tónlist skili sér í færri nemendum í tónlistarskólana. Ef börn hlusta ekki mikið á tónlist og sú tónlist sem þau hlusta á inniheldur ekki hljóðfærin sem er kennt á í tónlistarskólunum, eru litlar líkur á að þau skili sér í tónlistarnám. Vonandi verður þá meiri áhugi hjá börnum fyrir því að læra á tónlistarhugbúnað og kannski ættu þá tónlistarskólarnir að fara að

bjóða upp á slíka kennslu í meira mæli. Hinsvegar veit enginn hvað framtíðin hefur í för með sér, en það sem er vinsælt í dag gæti allt eins verið úrelt á morgun.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá Tónlistarskóla – Rytmissk Tónlist. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík, 2010.

Aubrey, Karl, Riley Alison. *Understanding & Using Educational Theories*. 2. útg. London: Sage, 2019.

Bamford, Anne. *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011.

Brinkmann, Svend, Kvale Steinar. *Interviews, Learning the Craft of Qualitative Research Interviewing*. London: Sage, 2015.

McKeage, Kathleen. „Where are the Girls? Women in Collegiate Instrumental Jazz.“ *GEMS (Gender, Education, Music & Society)* 1, 1(vor 2002): 14.

Mills, Janet. *Instrumental teaching*. Oxford: Oxford University Press, 2007.

Viðauki

Almennar spurningar:

1. Kyn og aldur?
2. Hvað ertu búin/búinn að kenna í mörg ár?
3. Hvað hefur þú kennt mörgum nemendum?
4. Hvað myndir þú álykta að kynjahlutfall hljóðfæranemenda þinna væri?

Forskóli og Hljóðfæraval:

1. Fer hljóðfæraval fram í gegnum forskóla í þínum skóla?
2. Hvaða aðferðum er farið eftir þegar valið er á hljóðfæri? Eru einhver ákveðin viðmið? (fer það t.d. eftir hvort það vanti á tiltekið hljóðfæri)
3. Upplifir þú að nemendur þínir (byrjendur á aldrinum 6 - 12 ára) hefðu mögulega meiri áhuga á að læra á annað hljóðfæri en það sem þau eru að læra á?
4. Ef þú finnur fyrir áhugaleysi, hjá byrjanda telur þú æskilegt að benda viðkomandi nemanda að öðru hljóðfæri?
5. Finnst þér mikilvægt að nemandi fái að prófa eins mörg hljóðfæri og mögulegt er áður en hann/hún velur sér hljóðfæri?
6. (Heimspækileg spurning) Gætir þú ímyndað þér að fyrir hvern nemanda, sé til hljóðfæri, sem nemandinn væri líklegastur til að ná góðum árangri á? Eða skiptir hljóðfærið ekki máli svo lengi sem barnið sé "músíkalskt" (innan gæsalappa). Hefði Víkingur Heiðar orðið jafn framúrskarandi gítarleikari? (burtséð frá félagsfræðilegri stöðu/vinsældum þessa hljóðfæra innan tónlistargeirans)
7. Ef já. Væri hægt að komast að því með einhverjum hætti hvaða hljóðfæri henti best?
8. Upplifir þú að nemendur í hljóðfæranámi (byrjendur 6 - 12) séu í námi útaf ytri þrýsting frá fjölskyldu eða vinum frekar en af eigin áhuga?
9. Hversu vel telur þú að hljóðfærið þitt henti ungum byrjendum!
10. Mismunandi hljóðfæri kalla á mismunandi líkamlega færni/yfirburði. (lengri fingur, breiðari varir, hrynskyn) eru þeir teknir til greina þegar nemendur eru valdir á ákveðin hljóðfæri? Vega þeir fram yfir mögulegan áhuga nemenda á að spila á tiltekið hljóðfæri?
11. Finnst þér að byrjunarörðugleikar (hverjir sem þeir eru, kennsla á grundvallaratriðum / kennsla í að halda rétt á hljóðfæri, rétt líkamsstaða, rétt beyting osfr.) á þínu hljóðfæri hafi neikvæð áhrif á áhuga nemenda á þessum aldri?
12. Myndir þú telja að það væri erfiðara/auðveldara fyrir nemendur á þínu hljóðfæri að ná tókum á hljóðfærinu (byrjunarörðugleikar/kennsla á grundvallaratriðum/kennsla við að halda rétt á hljóðfæri, rétt líkamsstaða, rétt beyting osfr.) heldur en byrjendur á öðrum hljóðfærum? Ef svoer, hverjir eru þeir? og upplifir þú að þeir hafi áhrif á áhuga nemenda í náminu?
13. Upplifir þú að klassíska/rytmíska námskráin hafi neikvæð/jákvæð áhrif á áhuga þinna nemenda? (skalar, jazz, klassík osfr.)
14. Finnst þér vanta eitthvað annað námsefni/braut til að brúa það tónlistarlega bil sem er á milli klassískrar og rytmískrar tónlistar?
15. Upplifir þú að nemendur eiga sér skýrar fyrirmyndir í tónlist? Ef svo, finnst þér munur á strákum og stelpum?
16. Telur þú að það sé skortur á kvenn fyrirmyndum á þínu hljóðfæri? Ef já, hvaða áhrif hefur það? (á nemendur og tónlist í heild sinni)
17. Telur þú að það sé skortur á karl fyrirmyndum á þínu hljóðfæri? Ef já, hvaða áhrif hefur það? (á nemendur og tónlist í heild sinni)
18. Telur þú að sjálfstraust/sjálfsmynd nemenda hafi áhrif á hvernig þeim gengur í náminu?
19. Myndi þú segja að yngri nemendur séu fjótari að skila árangri (t.d. að ná tókum á verki, skala eða hljómferli) en eldri nemendur sem eru jafn langt komnir og æfa sig jafn mikið?
20. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri sem tengist efninu?